

skilningi manna. Nútíðarhugsjónir manna krefjast þeirriar tilleggingar á lífinu, er dragi fram skydleika þess við þessa jörð og alt, sem á henni er, í stað smáhéraðs á yfirboindi hennar, og reikistjörnurnar, sólkerfin, alheiminn, en í þess stað býður orthodox kristindómur mönnum þær lífsskoðanir, er til urðu á fyrstu öldum tímatal sors, þegar allir héldu að jörðin væri flöt og himininn úr gleri.

Sem Unitarar reynum vér sífelt að breikka sjóndeildaíhring trúarinnar, eftir því sem líf vort næri æðri sjónarhæðum, að saman hlutfalli og þekking vor eykst á þessum heimi, er vér búum í. Vér trúum á ýms ævarandi sannleiksatriði, er vér megin halda oss við og byggja á, án alls ótta, að nokkur umbreyting eða opinberun fái þeim nokkru sinni kollvarpað. Til dæmis, vér trúum á Stærðfræðina. Vér viðurkennum nytsemi stærðfræðinnar, og vér trúum, að sem vísindagrein byggist hún á óyggjandi sannleika, sannleika, er skynsemi mannsins þarf engar æðri sannanir á. Vér vitum að Euklid kunngjörði sumar höfuðreglur stærðfræðinnar. En Euklid bjó ekki þær reglur til, svo vér trúum þeim ekki að eins vegna Euklids. Hann fann lögmál stærðfræðinnar hér í heimi, og vér trúum á það lögmál vegna þess, að mannleg skynsemi væri ekki sjálfri sér samkvæm, ef hún hafnaði því. „Þeir hlutir, sem jafnir eru að ummáli, eru jafnir að stærð,” og allar hinrar meginreglurnar, eru alfullkomin og óyggjandi sannindi, og hver sem neitar þeim, ber með sér, að hann er ekki heilbrigður á viti, og er alls ófær til allrar andlegrar áreynslu.

Sama má segja um Söngfræðina. Þar er áttunda skiftingin, er ekki verður komist upp syrir, ekki umflúin, ekki ónýtt. Á henni byggist öll sönn söngfræði, og á lögmáli hreims og hljóðfalls. Þess utan er ekkert til nema hjáræmi og háreysti. En ekki trúum vér á söngfræðina vegna Haydn's eða Bach's eða nokkurs annars manns, er kunngjört hefr þau eilíf-sönnu lög, er öll hljómfraði byggist á. En vér trúum á þessi lög, vegna þess að eðli vorrar eigin tilveru knýr oss til þess. Mannlegt eyra og mannleg skynsemi heimtar, að þeim sé hlýtt, og ósannindi hjáræminnar er þeim með öllu óbærileg.